

Foreldrahandbók



Leikskólinn Álfaborg

Svalbarðseyri

Sími: 464-5505

Netfang: alfaborg@svalbardsstrond.is

Heimasíða: skolar.svalbardsstrond.is

Efnisyfirlit

Álfaborg.....	3
Áherslur og hugmyndafræði.....	3
Frjáls leikur.....	3
Uppbyggingarstefnan.....	4
Vináttuverkefni Barnaheilla – Blær.....	4
Samstarf Álfaborgar og Valsárskóla.....	4
Samstarf heimilis og skóla.....	4
Upplýsingastreymi.....	5
Foreldraviðtöl.....	5
Þagnarskylda.....	5
Vernd barna og ungmenna.....	5
Að byrja í leikskóla.....	6
Aðlögun.....	6
Mötuneyti.....	6
Matartímar.....	6
Hlaðborð.....	7
Sérstakar óskir um mataræði.....	7
Hagnýtar upplýsingar.....	7
Klæðnaður.....	8
Bleyjur.....	8
Hvöld og róleg slökun.....	8
Óhöpp og slys.....	8
Veikindi.....	8
Lyfjagjafir í leikskólanum.....	8
Myndatökur.....	9
Tækni/skjátími.....	9
Sumarfrí.....	9
Skipulagsdagar starfsfólks.....	10
Að koma og fara.....	10
Uppsögn og breyting á dvalartíma.....	10
Siðir og venjur.....	11
Afmæli barnanna.....	11
Dagur leikskólans.....	11
Þorablót.....	11

Bollu- sprengi- og öskudagur.....	11
Dagur íslenskrar tungu.....	11
Hjóladagar.....	11
Foreldrakaffi.....	12
Ömmu- og afa kaffi.....	12
Jólahefðir.....	12
Uppbrotsdagar.....	12
Sérfræðipjónusta.....	13
Námsmat/skimanir.....	13
Löjubálfun í leik- og grunnskóla.....	13
Nefndir og ráð.....	14
Foreldrafélag leikskólans.....	14
Skólaráð.....	14
Skólanefnd.....	14

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Við viljum bjóða ykkur og barnið/börnin velkomin í leikskólann Álfaborg. Fyrstu dagarnir í leikskólanum er mikilvægur tími fyrir barnið til að aðlagast nýjum aðstæðum. Góð samvinna milli foreldra og kennara er mjög mikilvæg þannig að barnið fái notið leikskóla dvalarinnar eins og kostur er. Við vonumst til að þetta sé góður leiðarvísir svo þið getið aflað ykkur upplýsinga og kynnst betur starfsemi leikskólans.

Álfaborg

Leikskólinn Álfaborg er þriggja deilda leikskóli staðsettur á Svalbarðseyri sem starfar eftir lögum um leikskóla frá 2008 og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Starfsemi leikskólans hófst 15. mars 1993 og að öllu jöfnu er um 36 nemendur samtímis í leikskólanum. Leikskólinn er fyrir nemendur frá 12 mánaða til grunnskólaaldurs. Starfið fer fram á þremur deildum, Hreiðri, Rjóðri og Kvist. Einkunnarorð leikskólans eru umhyggja, virðing, metnaður og gleði.

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45-16:15 virka daga og hægt er að sækja um vistun á þeim tíma eins og hentar hverjum og einum.

Leikskólastjóri Álfaborgar er Guðrún Hallfríður Björnsdóttir, hægt er að hafa samband við hana í síma 464-5505, 464-5528 eða senda tölvupóst á guðrun@svalbardsstrond.is Staðgengill skólastjóra er Sigríður Guðmundsdóttir, sigríður@svalbardsstrond.is

Áherslur og hugmyndafræði

Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á Uppbyggingastefnuna, Vináttuverkefni Barnaheilla – Blær og frjálsan leik. Auk þess er samstarf við Valsárskóla okkar sérkenni.

Frjáls leikur

Við leggjum upp með að hafa góðan tíma og gott rými fyrir frjálsan leik. Leikurinn er einn af náms- og þroska leiðum barnsins en í frjálsum leik á leikurinn að vera sjálfsprottinn og skapandi. Í gegnum leikinn æfast börnin í félagslegum reglum, samskiptum og viðeigandi hegðun og efla þroskann. Allir utanaðkomandi þættir hafa áhrif á leikinn og hann þróast í samræmi við það.

Uppbyggingarstefnan

Uppbyggingarstefnan, Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga, er stefna sem felur í sér að kenna börnum sjálfstjórn og sjálfsaga. Aðferðin ýtir undir ábyrgðarkennd og að börn átti sig á styrkleikum sínum og þörfum. Einnig er áhersla á að þau læra af mistökum sínum og nýti reynsluna á jákvæðan hátt. Stefnan er einnig verkfæri fyrir starfsfólk skólans í samskipta- og aga málum.

Lesið má nánar um Uppbyggingarstefnuna á vefsíðunni, <https://uppbygging.is/>

Vináttuverkefni Barnaheilla – Blær

Markmiðið með þessu verkefni er að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Við kennum börnunum okkar að vera góður félagi og sýna vináttu, umhyggju virðingu og hugrekki. Öll börn í leikskólanum fá sinn eigin bangsa, Blæ, til að hafa í leikskólanum.

Lesið má nánar um Blæ hér: <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta>

Samstarf Álfaborgar og Valsárskóla

Samstarfið við 1. bekk Valsárskóla er einu sinni í viku, þriðjudaga frá klukkan 9:00 og þar til hádegismatur er búin. Þá fara elstu börn leikskólans, Krummar, í heimsókn til 1. bekkjar og kynnast smátt og smátt starfsemi grunnskólans. Krummar eyða megninu af morgninum með 1. bekk, prófa að fara í frímínútur og sitja bekkjakennslu ásamt að borða með þeim. Þetta samstarf hefur reynst vel og sýnir að börnin er tilbúnari að mæta í grunnskólann eftir veturinn.

Samstarf heimilis og skóla

Í Álfaborg er mikil áhersla lögð á gott samstarf við foreldra. Foreldrar/forráðamenn bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Samstarf foreldra og leikskóla er mikilvægur liður í velferð barnanna. Sum börn dvelja stóran hluta dagsins í leikskólanum, því er nauðsynlegt fyrir starfsfólkið að vita um líðan barnsins og venjur heima fyrir. Í leikskólanum er borin virðing fyrir tíma foreldra og barna og mikilvægi samveru þeirra.

Upplýsingastreymi

Lagt er upp með að hafa gott upplýsingastreymi á milli heimilis og leikskóla. Deildarstjóri hverrar deildar sendir reglulega út tölvupóst en þar koma fram upplýsingar um komandi viku og aðrar fréttir. Mánaðarlega er gefið út mánaðarskipulag með helstu viðburðum sem eru fram undan ásamt afmælisdögum barna. Mánaðarskipulagið er sett á heimasíðu skólans og sent í tölvupósti á foreldra í byrjun mánaðar ásamt matseðli.

Nú hefur Karellen verið lagt niður hjá okkur og við tókum upp Völuna, maí 2026, sem er svipað forrit og Karellen. Það er í sífelldri bætingu og að okkar mati vantar fídusa sem var í Karellen, en við aðlöguðumst vel. Gott upplýsinga app þar sem samskipti milli heimilis og leikskóla er mikið. T.d má nefna dagatal með helstu dagsetningum, skilaboð, vistunarusplýsingum og fleira.

Foreldraviðtöl

Við viljum að foreldrar/forráðamenn finni sig ávallt velkomna í leikskólann og leggjum áherslu á góð samskipti og þátttöku foreldra í starfi leikskólans. Boðið er upp á foreldrasamtöl á vorönn, en foreldrum er velkomið að biðja um samtal oftar ef þeir vilja. Í foreldraviðtölum er spjallað um líðan barns og foreldra/forráðamanna ásamt því að fara yfir þær skimanir sem leikskólinn gerir, en leikskólinn fylgist vel með þroska barnsins. Foreldra fundur er haldinn að hausti, þar sem vetrarstarfið er kynnt og foreldrafélagið heldur sinn aðalfund.

Þagnarskylda

Vert er að geta þess að starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu. Allar upplýsingar sem gefnar eru um barnið eru trúnaðarmál, þagnarskyldan er í gildi þó starfsmaður láti af störfum. Þagnarskylda starfsfólks leikskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Enn fremur bendum við á að foreldrum er ekki heimilt að tala um það sem þeir upplifa eða heyra sjálfir í leikskólanum varðandi önnur börn, fjölskyldur þeirra eða starfsfólk.

Vernd barna og ungmenna

Leikskólinn starfar eftir lögum nr. 80/2002 um vernd barna og ungmenna. Þar segir í 16. og 17 gr. frá tilkynningarskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum og ungmennum.

- Hverjum, sem stöðu sinnar og starfa hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.
- Tilkynningaskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglum um þagnarskyldu viðkomandi starfsstéttar.

Að byrja í leikskóla

Leikskóladvöl barna hefst með aðlögun, mikilvægt er að góð samvinna sé á milli leikskólans og foreldra og að gagnkvæmur trúnaður ríki. Í aðlöguninni er lagður grunnur að frekara samstarfi milli starfsfólks og foreldra.

Við upphaf leikskóladvallar gefa foreldrar/forráðamenn upplýsingar um barnið og fjölskylduaðstæður. Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn láti vita ef einhverjar breytingar verða, svo sem breytt heimilisfang, símanúmer eða ef fjölskylduaðstæður barnsins breytast, eða annað það sem getur haft áhrif á líðan barnsins og gott væri fyrir starfsfólk að vita.

Aðlögunin fer þannig fram að við nýtum okkur aðferð þátttökuaðlögunar sem byggir á hugmyndafræðinni um öruggir foreldrar/forráðamenn = örugg börn. Hún fer þannig fram að foreldrar/forráðamenn eru með barninu sínu í leikskólanum í fjóra daga. Frá 9.00 til 11.00 fyrsta daginn, frá 8.00 til 14.00 annan daginn, 8.00 til 15.00 þriðja daginn og allan vistunartímann fjórða daginn. Á fimmta degi kemur barnið í leikskólann og kveður foreldra sína. Foreldrar/forráðamenn sinna sínum börnum þennan tíma, skipta um bleyju og gefa þeim að borða, leika við þau og eru til staðar. Starfsfólkið sinnir einnig börnunum, kynnist þeim og foreldrum þeirra. Þetta er viðmið aðlögunar og stundum gengur vel og stundum er þetta erfiðara. Við metum stöðuna í hvert sinn og því getur hún orðið bæði styttri og lengri.

Mötuneyti

Í morgunmat er boðið upp á hafragraut og lýsi ásamt Cheerios og koddum. Á föstudögum er boðið upp á ristað brauð í stað hafragrauts. Foreldrar/forráðamenn eru beðnir um að koma með barnið ekki seinna en 8:30 ef það á að borða morgunmat hjá okkur. Um kl. 9:30 er ávaxtastund. Í hádeginu er ýmist fiskur, kjöt, grænmetisréttir, pastaréttir, súpur eða grautar. Grænmeti er alltaf með máltíðum.

Kokkurinn okkar Daníel er menntaður kokkur og leggur mikinn metnað í matinn. Nánast allur matur er gerður frá grunni og því er auðvelt að fylgjast með hvert innihaldið er. Í nónhressingu er boðið upp á heimabakað brauð, hrökkkex og ávexti.

Hlaðborð

Hlaðborð er fyrir Kvist í matsal sem getur skapað margþætta möguleika, til dæmis er hægt að bjóða upp á fjölbreyttari mat en annars. Hlaðborð getur einnig aukið sjálfstraust með því að stuðlað er að valdeflandi aðstæðum fyrir börn þar sem þeim gefst tækifæri til að velja sjálf, hvað af matnum þau vilja borða og setja sjálf á diskinn. Sérhvert barn setur þannig saman eigin máltíð. Börnin læra að bera virðingu fyrir mat, læra að þekkja magamál sitt og taka tillit til annarra.

Sérstakar óskir um mataræði

Okkur er annt um að öllum börnum líði vel og séu örugg í leikskólanum. Við leggjum því ríka áherslu á að tekið sé vel utan um börn sem þurfa sérfæði vegna fæðuofnæmis eða annarra læknisfræðilegra sérparfa. Ef barn er með fæðuofnæmi eða þarf á sérfæði að halda vegna læknisfræðilegra ástæðna, biðjum við foreldra/forráðamenn að skila læknisvottorði vegna sérparfa til deildarstjóra eða leikskólastjóra. Þannig getum við tryggt að við höfum réttar upplýsingar og getum brugðist við þörfum barnsins á sem öruggastan hátt. Allar ákvarðanir varðandi sérfæði og mat í mötuneyti fara í gegnum leikskólastjóra, sem einnig veitir upplýsingar og svarar þeim spurningum sem kunna að vakna.

Skólarnir eru með sameiginlegt mötuneyti þar sem lögð er áhersla á **hefðbundinn, heimilislegan mat**. Matarstefna skólanna tekur ekki mið af einstaklingsbundnum matarvenjum eða lífsstílstengdum óskum, svo sem óskum um lífrænan mat eða aðrar sérstakar matarvenjur. Sérfæði er því eingöngu útvegað þegar um er að ræða fæðuofnæmi eða aðrar læknisfræðilegar ástæður sem staðfestar eru með læknisvottorði.

Hagnýtar upplýsingar

Klæðnaður barnanna þarf að vera í samræmi við veðurfar og greinilega merktur. Í forstofu er karfa fyrir hvert barn ætluð aukafötum en foreldrar/forráðamenn þurfa að fylgjast með því að í þeim sé allt sem til er ætlast. Á körfunni er listi yfir fatnað sem þarf að vera til staðar. Vegna plássleysis í forstofu biðjum við foreldra að nota frekar

körfurnar en töskur. Tæma þarf hólfin á föstudögum svo hægt sé að þrifa þau en ekki er þörf á að tæma körfurnar. Minnum á að vel merkt föt skila sér frekar heom en ómerkt 😊

Bleyjur

Eftir sumarlokun 2026 ákvað leikskólinn að innheimta bleyjugjald, 2500 kr á mánuði. Slíkt fyrirkomulag er auðveldara fyrir bæði foreldra og starfsfólk. Við erum með Libero bleyjur sem flestir komu með síðasta skólaár. Það er valkostur að vera í áskrift eða koma með taubleyjur ef Libero henta ekki. Gjaldið heldur utan um bleyjur og blautþurrkur og verður upphæð endurskoðuð um áramót.

Hvöld og róleg slökun

Eftir hádegismat eða um klukkan 12:00 fara öll börn í hvöld eða rólega slökun sem er c.a 30 mínútur. Maríuerlur á Hreiðri, Þrestir og Lóur á Rjóðri og Spóar á Kvist, fara öll í hvöld en Krummar hafa val um hvöld eða rólega stund. Börnin á Hreiðri koma með vagnana sína og sofa úti, lengd svefns fer eftir börnum og óskum foreldra/forráðamanna. Börnin sem fara í hvöld á Lundi fá teppi og kotta í leikskólanum og mega koma með snuð og einn bangsa. Best er að hafa sama bangsann alla vikuna.

Óhöpp og slys

Í barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir er strax haft samband við foreldra og hringt á sjúkrabíl ef talin er þörf á því. Athygli er vakin á því að Svalbarðsstrandarhreppur greiðir kostnað vegna fyrstu ferðar á slysadeild ef um slys eða læknisheimsókn er að ræða á leikskólatíma.

Veikindi

Leikskólinn er ætlaður frískum börnum og er almennt sú regla að ekki er hægt að hafa börn inni eftir veikindi. Að sjálfsögðu er það metið eftir hvers kyns veikindin voru um inniveru. Börnin skulu vera heima í að minnsta kosti 1-2 sólahringa hitalaus áður en þau koma aftur í leikskólann.

Lyfjagjafir í leikskólanum

Almenn regla:

Lyf eru ekki gefin í leikskólanum nema læknir meti það svo að tímasetningar

lyfjagjafar þurfi að koma inn á leikskólatíma.

Undantekningar:

Þetta gildir ekki um sykursýki-, astma- eða ofnæmislyf eða önnur lyf sem eru barni lífsnauðsynleg. Ef börn eru með stöðuga lyfjagjöf vegna langvarandi sjúkdóma þarf að hafa samband við deildarstjóra og/eða leikskólastjóra og gefa skriflegar upplýsingar.

Lyf í skemmri tíma:

Mjög sjaldgæft er að gefa þurfi lyf oftari en þrisvar á dag. Þegar lyf er gefið þrisvar á dag má í flestum tilfellum gefa mið skammtinn þegar heim er komið. Ef læknir gefur fyrirmæli um að gefa þurfi með skammtinn á skólatíma verða foreldrar/forráðamenn að ræða við deildarstjóra og koma með skammtinn klárann.

Myndatökur

Í leikskólanum eru reglulega teknar myndir af börnunum á síma í eigu leikskólans og þær sendar á foreldra í gegnum Völu appið. Foreldrum og öðrum er bannað að taka myndir í skólanum, nema með sérstöku leyfi. Þegar barn byrjar í leikskólanum fá foreldrar blað með samþykktu leyfi á myndatökum og hvort megi setja á forsíðu skólans. Að sjálfsögðu er tekið tillit til þeirra sem vilja ekki leyfa birtingu mynda á heimasíðunni okkar.

Tækni/skjátími

Í starfinu er notuð ýmis tækni en í Aðalnámskrá leikskóla er komið inn á að skapa eigin tækifæri í starfinu til að læra á stafræna miðla á hagnýtan hátt í leikskólanum. Í leikskólanum eru spjaldtölvur með kennslufræðilegum forritum sem eru í vali stöku sinnum, 20 mín í senn. Yfir vetrartímann er skjár notaður til þess að sýna t.d. myndbönd og annað í kennslufræðilegum tilgangi. Einstaka sinnum er bíó og þá er foreldrum tilkynnt hvað var horft á.

Sumarfrí

Hvert barn skal fara í að minnsta kosti fjögurra vikna samfelld sumarfrí og ákveður skólanefnd Svalbarðsstrandar ásamt leikskólastjóra um sumarlokun fyrir hvert sumar. Sumarið 2026 var leikskólinn lokaður í fimm vikur samfelld. Ákvörðun um lengri lokun var tekin með það að markmiði að skapa meiri stöðugleika í starfsmannahaldi og á deildum yfir vetrartímann. Með því að fækka þeim frídögum

sem starfsfólk þurfti að geyma yfir árið var vonast til að hægt yrði að tryggja betri mönnun og meir samfellu í starfi leikskólans yfir vetrartímann. Á sama tíma hófust framkvæmdir við nýja leikskólann og gröftur á lóðinni hófst meðan leikskólinn var lokaður. Lengri sumarlokun gaf því einnig tækifæri til að hefja framkvæmdir með sem minnstum truflunum í daglegu starfi og starfsemi skólans.

Skipulagsdagar starfsfólks

Fimm daga á ári er leikskólinn lokaður vegna skipulagsdaga. Þessir dagar eru notaðir til endurmenntunar starfsfólks, það starf sem unnið hefur verið og til að undirbúa uppeldisstarf leikskólans. Þessir dagar eru settir inn á skóladagatal leikskólans og auglýstir með góðum fyrirvara. Vinnustytting er söfnuð upp og nýttir í dymbilvikum og daga milli jóla og nýárs. Starfsdagar skólaárið 2026-2027 eru, 17. ágúst, 13. nóvember, 4. janúar, 12. febrúar og 7. maí.

Að koma og fara

Það er mikilvægt öryggisatriði, bæði fyrir starfsfólk og ekki síst börnin, að foreldrar/forráðamenn láti ávallt vita þegar komið er með barn í leikskólann eða það sótt. Foreldrar/forráðamenn geta ávallt haft samband við leikskólann og spurst fyrir um líðan barnsins. Starfsfólk leikskólans mun einnig hafa samband við foreldra/forráðamenn ef eitthvað sérstakt kemur upp varðandi barnið. Ef einhver annar en foreldri/forráðamaður kemur til að sækja barn er mikilvægt að láta starfsfólk leikskólans vita fyrirfram, af öryggisástæðum. *Börnum yngri en 12 ára er ekki heimilt að koma með eða sækja leikskólabörn. Miðað er við afmælisdag barnsins. Þessi regla á eingöngu við um systkini leikskólabarns.*

Uppsögn og breyting á dvalartíma

Uppsagnarfrestur á leikskólaplássi er einn mánuður og miðast við 1. og 15. hvers mánaðar, uppsögn þarf að vera skrifleg og er hægt að fá eyðublað hjá skólastjóra, einnig þegar börnin hætta vegna aldurs. Breytingar á dvalartíma er nauðsynlegt að sækja um fyrir 20. hvers mánaðar, á þar til gerðu eyðublaði. Breytingar miðast við mánaðamót og skulu gilda eigi skemur en þrjá mánuði.

Leikskólagjöld eru greidd eftir á, í byrjun næsta mánaðar og er sendur út greiðsluseðill. Töflu með upplýsingum um gjaldskrá leikskólans má finna á heimasíðu leikskólans.

Siðir og venjur

Afmælisdagur barnsins er haldinn hátíðlegur, barnið býr sér til kórónu og samverustund dagsins er tileinkuð afmælisbarninu. Barnið fær einnig að velja sér afmælisglas til að hafa í matartímum. Við biðjum foreldra um að koma ekki með boðskort í afmæli í leikskólann.

Dagur leikskólans

Dagur leikskólans er ávallt skemmtilegur og fjölbreyttur og er tilgangur hans að kynna leikskólastarfið og skapa jákvæða umræðu. Í tilefni dagsins er bryddað upp á einhverju skemmtilegu.

Þorablót

Á þorranum er þorramatur borðaður í leikskólanum og rætt um gamla tíma og gamlar hefðir. Sungin eru þorralög, farið yfir kvæði og vísur og margt fleira skemmtilegt.

Bollu- sprengi- og öskudagur

Á þessum dögum höldum við í hefðir og borðum bollur, saltkjöt og baunir og á öskudaginn mega börnin koma í öskudagsbúning og við höldum öskudagsball. Þrír elstu árgangarnir fara í göngutúr um þorpið og syngja á nokkrum stöðum fyrir góðgæti.

Dagur íslenskrar tungu

16. nóvember ár hvert er dagur íslenskrar tungu. Þann dag sem og aðra daga leggjum við áherslu á íslenskt mál.

Hjóladagar

Yfir sumarið eru hjóladagar einu sinni í viku. Þá mega börnin koma með hjólin sín og hjálma að heiman, þeir sem koma ekki með hjálm geta ekki fengið að hjóla. Það hefur verið venjan að samfélags lögreglan kemur til okkar fyrsta hjóla daginn og fer yfir umferða reglur, athugar hvort að allir séu með hjálm og spjallar við börnin. Börnin hafa svo annað hvort fengið límmiða eða tatto frá lögreglunni og síðast en ekki síst setur lögreglan sírenurnar á og bláu ljósin, það vekur alltaf mikla gleði.

Foreldrakaffi

Einu sinni á ári, að vori, bjóða börnin foreldrum sínum í heimsókn, þá fá foreldrar/forráðamenn tækifæri til að kynna sér það sem verið er að vinna með hverju sinni. Börnin hafa stundum verið með sýningar á listaverkum, spurningalisti sem þau hafa svarað um foreldra sína eru sýnilegir á veggjum og auðvitað er alltaf gaman að bjóða foreldrum í leik. Það er boðið uppá kaffi, djús, vatn og ýmist kleinur eða rúnstykki. Skemmtilegur dagur þar sem allir njóta sín.

Ömmu- og afa kaffi

Einu sinni á ári, að hausti, bjóða börnin ömmum sínum og öfum í heimsókn, þá fá ömmur og afar tækifæri til að kynna sér það sem verið er að vinna með hverju sinni. Sama og í foreldrakaffi að þá hafa börnin stundum verið með sýningar á listaverkum, spurningalisti sem þau hafa svarað um ömmu og afa, sem eru sýnilegir á veggjum. Það er boðið uppá kaffi, djús, vatn og ýmist kleinur eða rúnstykki. Skemmtilegur dagur þar sem allir njóta sín.

Jólahefðir

Boðskapur jólanna fléttast inn í starf desembermánaðar. Við föndrum, hlustum á jólalög og syngjum saman. Litlu jólin eru haldin í leikskólanum þar sem við borðum jólamat. Mikil áhersla er lögð á að skapa rólegt og notalegt andrúmsloft og njóta hátíðarinnar. Desember fer í að leggja lokahönd á jólagjafir til foreldra og stefnan okkar að reyna eftir bestu getu að það sé föndur sem börnin gera sem mest sjálf en með aðstoð starfsmanns ef þörf er á. Alltaf gaman að fá fallegan pakka undir jólatréð.

Uppbrotsdagar

Það eru uppbrotsdagar á föstudögum yfir veturinn, þeir eru ákveðnir hvern mánuð fyrir sig og sjást á mánaðarskipulagi á heimasíðu skólans. Uppbrotsdagarnir geta verið þeir sem eru nefndir hér fyrir framan en einnig eru það t.d. þemadagar, sveitaferð, göngutúrar, bókabíó, rugl dagur og fleiri. Skemmtilegir dagar þar sem starfið er aðeins frábrugðið því sem vant er.

Sérfræðipjónusta

Börn og foreldrar/forráðamenn í Álfaborg hafa aðgengi að sérkennara og iðjupjálfa sem sinnir einnig starfi tengiliðs farsældar. Auk þess er samningur í gildi við fræðslu- og lýðheilsuráð Akureyrarbæjar varðandi einstaklingsþjónustu, þ.e. vegna barna sem þurfa aukna aðstoð. Auk þess er samningur við talmeinafræðing sem kemur í leikskólann að jafnaði einu sinni í mánuði. Sé ástæða til að sækja um slíka þjónustu er það gert í samráði við deildarstjóra, leikskólastjóra og/eða iðjupjálfa.

Námsmat/skimanir

Það námsmat sem leikskólinn fer eftir og skimanir sem eru gerðar af sérkennara eru eftirfarandi

- Leiðsagnarmat – þá er verið að leggja áherslu á að leiðbeina börnum, spyrja opinna spurninga og hvetja til samræðna, lögð áhersla á að nota fjölbreyttar matsaðferðir. Ferilmappa – segir sögu barnsins í gegnum leikskólagönguna, innihaldið á að meta líðan barns í gegnum leik og starfið og alla námsþætti leikskóla.
- TRAS – skráning á málproska, frá tveggja til fimm ára.
- Hljóm-2 - metur hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans
- EFI-2 – skimar málproska hjá þriggja ára börnum
- MIO – skimun á stærðfræðiproska hjá börnum á aldrinum 2,5 – 4,5 ára.

EFI-2 og Tras er tekið á öllum börnum sem og Hljóm-2 sem er fyrir elsta árgang. Allt þetta er nauðsynlegar skimanir til að meta stöðuna á hverju barni og fara þá í nánari athuganir ef þörf er á. Skemmtilegar skimanir sem börnin hafa gaman af.

Iðjupálfun í leik- og grunnskóla

Iðjupjálfi notar heildræna nálgun í starfi með börnum og er sérfræðingur í iðju. Iðjupjálfi kemur m.a. að hreyfigetu, sjálfstjórn, fín- og grófhreyfingum og skynúrvinnslu barna.

Iðjupjálfi sinnir mati og íhlutun nemenda og veitir ráðgjöf til foreldra, kennara og stjórnenda. Iðjupjálfi vinnur alltaf í samvinnu við barn, foreldra og aðra fagaðila sem koma að málefnum barnsins. Í Álfaborg og Valsárskóla starfar iðjupjálfi einnig sem tengiliður þjónustu í þágu farsældar barns fyrir bæði skólastigin.

Nefndir og ráð

Foreldrafélag leikskólans

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag, en það stendur fyrir ýmsum viðburðum, s.s. sumarhátíð, jólaföndri og jólaballi. Í stjórn foreldrafélagsins eru þrír fulltrúar, formaður, gjaldkeri og ritari, þeir eru kosnir á aðalfundi að hausti. Einnig eru kosnir tveir varamenn. Allir foreldrar/forráðamenn eru sjálfkrafa í félaginu þegar barnið hefur leikskólagöngu og greiða gjald, foreldrafélagið innheimtir gjald mánaðarlega með leikskólagjöldum. [Hér](#) má sjá heimasíðu foreldrafélagsins

Skólaráð

Við leikskólan Álfaborg og grunnskólann Valsárskóla starfar sameiginlegt skólaráð en samkvæmt reglum situr að lágmarki eitt foreldri frá Álfaborg í ráðinu, skal kosning til skólaráðs fara fram að hausti á ári hverju og kosið til eins árs í senn. Hlutverk skólaráðsins er að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Skólaráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á skólastarfi í sveitarfélaginu. Í skólaráði sitja skólastjórar beggja skóla, fulltrúi kennara beggja skóla, fulltrúi foreldra beggja skóla, tveir fulltrúar nemenda Valsárskóla og fulltrúi grenndarsamfélagsins. [Hér](#) má skoða hverjir sitja í skólaráði.

Skólanefnd

Skólanefnd Svalbarðsstrandarhrepps fer með yfirstjórn leikskólans í umboði sveitarstjórnar, í henni sitja Agnes Björk Blöndal, Árný Þóra Ágústsdóttir, formaður og Hanna Sigurjónsdóttir. Auk þess sitja fundina skólastjórar Álfaborgar og Valsárskóla, áheyrnarfulltrúar foreldra og starfsfólks úr báðum skólum. Áheyrnarfulltrúi foreldra Álfaborgar er Alma Þórólfsdóttir og fulltrúi starfsfólks Álfaborgar er Sigríður Guðmundsdóttir. Áheyrnarfulltrúi Valsárskóla er Anna Jónsdóttir og kennarar skiptast á að mæta á fundi.

Að loknum lestri þessarar handbókar vakna eflaust margar spurningar um starfsemi leikskólans. Þar sem svona handbók getur aldrei orðið tæmandi, hvetjum við foreldra til að spyrja og ræða við okkur um óljós atriði.

September 2026

Ábyrgðarmaður

Guðrún Hallfríður Björnsdóttir,

Leikskólastjóri Álfaborgar